

Alþingi
Erindi nr. P 125/2095
komudagur 8.5.2000



HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Ásta Möller
Þórshamar v/Templarasund
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2000

Tilvísun: HTR00040201/

IJP/ip

Með skírskotun til fundar heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, fimmtudaginn 27. apríl s.l., þar sem fjallað var um frumvarp til breytinga á lyfjalögum, óskaðir þú eftir minnisblaði um verðmyndun lyfja hér á landi.

Hjálagt fylgir minnisblað um verðmyndun lyfja, sem Svanhildur Jakobsdóttir starfsmaður lyfjaverðsnefndar tók saman, ásamt til fróðleiks ársskýrsla nefndarinnar frá 1998, en skýrsla fyrir árið 1999 hefur ekki verið unnin enn.

F.h.r.

MINNISBLAÐ

Dags. 27.04.2000
Efni Verðlagning lyfja
Viðtakandi Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Sendandi Lyfjaverðsnefnd / Svanhildur Sveinbjörnsdóttir

Hámarksverð lyfja í heilðsölu

- Innflytjendur og framleiðendur sækja um hámarksverð í heilðsölu til Lyfjaverðsnefndar.
- Lyfjaverðsnefnd gerir kröfu um að innkaupsverð lyfsins sé í samræmi við verð til heilðsala í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Bretlandi.
- Við innkaupsverðið er bætt við ákveðnum kostnaðarstuðli sem ætlað er að ná að meðaltali til þess kostnaðar sem til fellur við að flytja lyfið hingað til lands.
Kostnaðarstuðlarnir eru tveir:
9,80% ef lyfið er flutt hingað til lands samkvæmt fob - skilmálum
5,50% ef lyfið er flutt hingað til lands samkvæmt cif - skilmálum
- Lyf sem framleidd eru innanlands eru flest samheitalyf og gerir Lyfjaverðsnefnd kröfu um að verð þeirra sé lægra en verð frumlyfsins sem fyrir er á markaði.
- Stiglækkandi heilðsöluálagning leggst ofan á kostnaðarverð lyfsins.

<i>Verðflokkar</i>	<i>Heilðsöluálagning</i>
<i>Kostnaðarverð</i>	
0-1000 kr	15%
1001-3000 kr	13%
>3000 kr	10%

Áætluð hámarks meðalheilðsöluálagning 1999 var 12,1%, með kostnaðarstuðlum 18,5%.

- Gengisbreytingar
Verð á innfluttum lyfjum skráðum í erlendri mynt er endurreiknað mánaðarlega með nýju gengi.
- Verðbreytingar
Sækja þarf um til Lyfjaverðsnefndar allar verðbreytingar til hækkunar á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum. Umsókn um verðhækkun er metin á sama hátt og verðumsókn fyrir ný lyf.

Hámarksverð lyfja í smásölu

- Lyfseðilsskyld mannalyf
Smásöluálagning lyfja er samansett af stiglækkandi prósentuálagningu og föstu gjaldi.

<i>Verðflokkar</i>	<i>Smásöluálagning</i>
<i>Heilðsöluverð</i>	
0-1.000 kr	70%+ 50 kr
1.001-3.000 kr	25%+ 500 kr
3.001-6.000 kr	20%+ 650 kr
6.001-12.000 kr	15%+ 950 kr
>12.000 kr	10%+1.550 kr

- Lyf sem einungis má nota á spítaladeildum eða afgreiða frá sjúkrahúsapóteki

<i>Verðflokkar</i>	<i>Smásöluálagning</i>
<i>Heildsöluverð</i>	
0-10.000 kr	15%
>10.000 kr	1500 kr

Áætluð hámarks meðalsmásöluálagning almennra lyfja og sjúkrahúslyfja 1999 var 45,3%.

- Lausasölulyf
Frjáls álagning er á mannalyf seld í lausasölu.
- Dýralyf

<i>Verðflokkar</i>	<i>Smásöluálagning</i>
<i>Heildsöluverð</i>	
0-2.500 kr	58,5%
>2.500 kr	53,0% + 137,5 kr

- Á lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf er lagður 24,5% virðisaukaskattur

Áætluð skipting heildarverðmæta lyfseðilsskyldra mannalyfja 1999

<i>Framleiðandi</i>	46,6%
<i>Heildsali</i>	8,6%
<i>Smásali</i>	25,1%
<i>Virðisaukask.</i>	19,7%

Ársskýrsla
Lyfjaverðsnefndar
1998

Lyfjaverðsnefnd

Nefndarmenn

Júlíus S. Ólafsson, formaður.
Inga Jóna Jónsdóttir.
Sigurmar K. Albertsson.

Varamaður Brynhildur Benediktsdóttir tók sæti Ingu Jónu Jónsdóttur í Lyfjaverðsnefnd frá miðjum mars fram í miðjan júlí.

Fulltrúar hagsmunaaðila

Fulltrúi smásala - Werner Rasmussen
Fulltrúi heildsala - Bjarni Bjarnason
Fulltrúi dýralækna - Jón Pétursson
Fulltrúi Tryggingastofnunar - Inga Arnardóttir

Starfsmaður og ritari nefndarinnar

Svanhildur Sveinbjörnsdóttir

Aðsetur

Aðsetur Lyfjaverðsnefnar var flutt 1. mars 1998, frá Laugavegi að Eiðistorgi 15, Seltjarnarnesi.

Fundir

Haldnir voru samtals 14 fundir á árinu, þar af 9 fundir með fulltrúum heildsala og 1 með fulltrúa smásala.

Fjöldi erinda

Alls bárust Lyfjaverðsnefnd 201 erindi á árinu.
Sjá greiningu á verðumsóknum í viðauka 4.

Þróun lyfjaverðs á Íslandi 1998

Lyfjaliður vísitölu neysluverðs

	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1997			100	79,8	78,4	80,2	80,9	80,2	80,4	79,8	78,9	75,8
1998	81,6	82,2	81,5	80,5	74,2	76,6	77,9	80,0	79,7	80,0	79,6	78,2

Heimild: Hagstofa Íslands

Lyfjaliður vísitölu neysluverðs mælir breytingu á hluta sjúklings í lyfjaverði. Hagstofan bjó til nýja vísitölu í apríl 1997. Í stað þess að reikna út greiðsluhluta sjúklings út frá hámarksverði er gerð könnun mánaðarlega í nokkrum apótekum á verði algengra lyfja. Túlka má breytingu vísitölu milli mars og apríl 1997, sem uppsafnaða lækkun á lyfjaverði til sjúklinga frá því samkeppni milli apóteka hófst á fyrri hluta ársins 1996. Lyfjaliður vísitölu neysluverðs hefur lækkað um rúm 20%, mælt frá mars 1997 til desember 1998.

Um áramótin 1997 og 1998 var hluti almannatrygginga í lyfjakostnaði lækkaður og kemur það fram í lyfjalið vísitölu neysluverð sem hækkun á hlut sjúklings um 7,6% milli desember og janúar mánaðar. Mikil verðsamkeppni var milli apóteka á höfuðborgarsvæðinu á vormánuðum 1998 og mældist vísitalan í maí vera 74,2 stig sem er lægra en lægsta gildi hennar 1997. Vísitala lyfjaverðs til sjúklinga fór síðan hækkandi og í ágúst 1998 var gildi vísitölunnar nánast það sama og verið hafði ári fyrr. Lyfjaverð til sjúklings hélst nokkuð óbreytt á síðari hluta ársins en lækkaði lítillega í desember eða um 1,8%. Þetta er sama þróun og átti sér stað á síðari hluta ársins 1997, en þá var lækkunin í desember heldur meiri eða 3,9%.

Breytingar á hámarksverði lyfja

Eftirfarandi tafla sýnir breytingu á skráðu hámarksverði. Vísitalan sýnir að hámarksverð lyfja hefur lækkað um 6-7% frá 1996.

Meginástæða þess að hámarksverð lyfja hefur lækkað eru:

- Innflutningsverð hefur lækkað, þar sem íslenska krónan hefur styrkst gagnvart helstu lyfjainnflutningsmyntunum, þ.e. danskri og sænskri krónu.
- Heildsölu- og smásöluálagningu var breytt 1. janúar 1997.
- Reglum varðandi útreikning á viðmiðunarverði var breytt á síðari hluta árs 1996.

Vísitala hámarksverðs lyfja

	jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1996				100,0	100,0	100,0	99,9	99,9	99,9	100,1	100,1	100,1
1997	96,9	96,9	96,9	94,8	94,8	94,8	93,6	93,6	93,6	92,7	92,7	92,7
1998	94,3	94,3	94,3	93,0	93,0	93,0	93,3	93,3	93,3	92,7	93,7	94,1

Vísitala hámarksverðs hækkaði í lok ársins 1998 og má rekja hana að stærstum hluta til styrkingar dönsku krónunnar, en verðskrárgengi hennar hækkað um 4,4% frá október til desember, sjá viðauka 5.

Samanburður á íslensku og dönsku lyfjaverði í nóv/des 1998

Um mánaðarmótin nóvember og desember 1998 var gerður verðsamanburður milli Íslands og Danmerkur á 1.314 lyfjapakkingum. Samanlagt verðmæti þeirra lyfja sem samanburðurinn náði til er um 50% af íslenskum lyfjamarkaði m.v. sölutölur 1997.

Samanburður milli Íslands og Danmerkur sýnir að íslenskt lyfjaverð án vsk. er um 26% hærra en í Danmörku. Hafa ber í huga að skráð verð lyfja í Danmörku er fast og gildir því sem hámarks- og lágmarksverð, en á Íslandi er skráð verð hins vegar hámarksverð sem heildsölum og smásölum er heimilt að víkja frá. Ennfremur ber að hafa í huga að gengi mynta getur haft umtalsverð áhrif þegar verðsamanburður milli þessara tveggja landa er gerður, þar sem lyfjaverð hér er leiðrétt mánaðarlega fyrir gengisbreytingum en í Danmörku er einungis hægt að sækja um leiðréttingu á verði vegna gengisbreytinga einu sinni á ári.

Í samanburði á verði milli landa á söluhæstu lyfjunum í Svíþjóð í janúar 1998 kemur fram að heildsölu- og smásöluverð lyfja í Danmörku er hærra en í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Gera má ráð fyrir að lyfjanotkun hér á landi og í Svíþjóð sé með nokkuð svipuðu móti, þannig að hægt er að draga þá ályktun að lyfjaverð hér á landi sé það hæsta á Norðulöndunum. Sjá viðauka 2 og 3.

Ýmis mál

Mál Samtaka verslunarinnar gegn Lyfjaverðsnefnd Ráðgefandi álit EFTA- dómstólsins

Héraðsdómur Reykjavíkur félt á ósk Samtaka verslunarinnar, 17. apríl 1998, um að leitað yrði eftir ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins hvort ákvörðun Lyfjaverðsnefndar frá 22. nóvember 1996 félli að tilskipun ráðsins nr. 89/105/EBE um verðlagningu lyfja.

Í ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins sem birt var 24. nóvember 1998, fellst dómstólinn á þá afstöðu íslenska ríkisins að ákvörðun Lyfjaverðsnefndar frá 22. nóvember 1996 stangist ekki á við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Dómstólinn telur að 4. gr. tilskipunar ráðsins nr. 89/105/EBE eigi við þar sem yfirvöldum er heimilað að grípa til verðstöðvunar að gefnum vissum skilyrðum. Þetta ákvæði eigi við jafnvel þó að um verðlækkun lyfja sé að ræða en ekki verðstöðvun. Þá segir dómstóllinn að einhliða ákvörðun lögbærs stjórnvalds um að lækka heildsöluverð sé að meginstefnu í samræmi við tilskipunina að því leyti sem hún fullnægir þeim kröfum sem 4.gr. gerir. Ákvæðið mæli ekki fyrir um nein sérstök atriði sem gæta verði að þegar slík ákvörðun sé tekin, það leggur einungis þá skyldu á herðar viðkomandi ríki að framkvæma ákveðna endurskoðun síðar.

Álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun Samtaka verslunarinnar

Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu í bréfi dags. 10. ágúst 1998 að Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa geti ekki átt sæti í Lyfjaverðsnefnd og þar með tekin til greina kvörtun Samtaka stórkaupmanna um þetta efni. Meginröksemd umboðsmanns fyrir þessari niðurstöðu er að um er að ræða hættu á árekstrum á milli þeirra starfsskyldna, sem annars vegar fylgja starfi formanns Lyfjaverðsnefndar og hins vegar stafsskyldna forstjóra Ríkiskaupa, sem aðstoðar stærstu lyfjakaupendur landsins, sjúkrahúsin, við að kaupa lyf á sem hagstæðustu verði með útboðum á lyfjum. Ekki ræður úrslitum hvort Ríkiskaup teljist beinn kaupandi eða aðstoði sjúkrahúsin einvörðungu við kaupin, því samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga veldur það vanhæfi, þegar maður er aðili máls, fyrirsvars-, umboðs- eða aðstoðarmaður aðila máls við undirbúning og meðferð þess.

Viðauki 1

Hámarksverð lyfja í heildsölu 1998

1. Innflytjendur og framleiðendur sækja um hámarksverð í heildsölu til lyfjaverðsnefndar.

Innflutt lyf

2. Lyfjaverðsnefnd gerir kröfu um að innkaupsverð lyfsins sé í samræmi við verð til heildsala í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Bretlandi.
3. Til að finna kostnaðarverð lyfsins er bætt við innkaupsverðið ákveðnum kostnaðarstuðli sem ætlað er að ná að meðaltali til þess kostnaðar sem til fellur við að flytja lyfið hingað til lands.

Kostnaðarstuðlarnir eru tveir:

9,80% ef lyfið er flutt hingað til lands samkvæmt CIF- skilmálum

5,50% ef lyfið er flutt hingað til lands samkvæmt FOB-skilmálum

Innflutt lyf og lyf sem framleidd eru innanlands

4. Stiglækkandi heildsöluálagning leggst ofan á kostnaðarverð vörunnar.

Verðflokkar	Heildsöluálagning
Kostnaðarverð	
0-1.000	15%
1.001-3.000	13%
>3000	10%

Hámarksverð lyfja í smásölu 1998

Lyfseðilsskyld mannalyf

Smásöluálagning lyfja er samsett af stiglækkandi prósentuálagningu og föstu gjaldi.

Verðflokkar	Smásöluálagning
Heildsöluverð	
0-1.000	70%+ 50 kr
1.001-3.000	25%+ 500 kr
3.001-6.000	20%+ 650 kr
6.001-12.000	15%+ 950 kr
>12.000	10%+1.550 kr

Lausasölulyf

Frjáls álagning á mannalyf seld í lausasölu.

Dýralyf

Verðflokkar	Smásöluálagning
Heildsöluverð	
0-2.500	58,5%
>2.500	53% + 137,5 kr

Lyf sem einungis má nota á spítaladeildum eða afgreiða frá sjúkrahúsapóteki

Verðflokkar	Smásöluálagning
Heildsöluverð	
0-10.000	15%
>10.000	1.500 kr

Á lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf er lagður 24,5% virðisaukaskattur

Viðauki 2

Álagning lyfja í viðmiðunarlöndum 1998

I. Danmörk

Verðlagning á lyfseðilsskyldum lyfjum í DKK

Meðalálagning heildsala er á bilinu 7-8%.

Heildsöluverð	Smásöluálagning	
0-30	HV + [0,783 (0,6 x HV + 1,8 kr)]	> 46,98% + 1,4098 kr.
30-60	HV + [0,783 (0,4 x HV + 7,8 kr)]	> 31,32% + 6,1074 kr.
>60	HV + [0,783 (0,2 x HV + 19,8 kr)]	> 15,66% + 15,5034 kr.

Á lyfseðilsskyld lyf bætist við 6,15 kr. gjald ($6,15 \times 1,25 = 7,7$ með vsk).

Lyfjabúðum er heimilt að taka gjald að upphæð 6,15 DKK án vsk. fyrir hverja lyfjaávísun sem afgreidd er í næturvörslu.

Virðisaukaskattur 25%, er lagður á öll lyf.

Verðlagning lausasölu lyfja er frjáls.

Breyting á smásöluálagningu:

26. janúar 1998: stuðull úr 65,8% í 71,4%

6. apríl 1998: stuðull úr 71,4% í 78,3%

19. október 1998: stuðull úr 78,3% í 70,3%

Verðlagning lyfja sem notuð eru á spítaladeildum eða stofnunum
15,52% smásöluálagning á heildsöluverð.

II. Noregur

Verðlagning á lyfseðilsskyldum lyfjum í NOK

10% af fyrstu 200 kr.

8% af næstu 200 kr

5% af heildsöluverði yfir 400 kr.

Á lyfseðilsskyld lyf bætist við 23 kr. gjald.

Á eftirritunarskyld lyf bætist við 10 kr. gjald.

Virðisaukaskattur 23%, er lagður á öll lyf.

Smásöluálagning var lækkuð 1998, þ.e. úr 18,5 í 10% , 11,5 í 8% og 6,5 í 5%.

Á móti var fastagjaldið hækkað úr 15 í 23 kr.

III. Svíþjóð

Verðlagning á lyfseðilsskyldum lyfjum í SEK

Meðalálagning í heildsölu er um 4%.

Heildsöluverð	Smásöluálagning
0-34,25	30% + 18,0 kr.
0- 34,25 (án lyfseðils)	70% + 4,4 kr.
34,25-75,00	18% + 22,2 kr.
75,00-300,00	8% + 29,7 kr.
>300,00	7% + 32,7 kr.

Enginn virðisaukaskattur á lyfseðilsskyld lyf.

Verðlagning á lausasölulyfum

Heildsöluverð	Smásöluálagning
0-50,00	36% + 3,5 kr.
>50,00	8% + 17,5 kr.

Virðisaukaskattur 25%, lagður á lausasölulyf.

IV. Bretland

Meðalálagning í heildsölu er um 12,5%.

Meðalálagning í smásölu er um 50%.

Enginn virðisaukaskattur er lagður á lyfseðilsskyld lyf.

Frjáls verðlagning er á lausasölulyfjum og þeim lyfja sem hið opinbera tekur ekki þátt í að greiða. Á lyf með fjálsa álagningu er lagður 17,5% virðisaukaskattur.

Viðauki 3

Samanburður á íslensku og dönsku lyfjaverði í nóv./des. 1998

	Dags.	Fjöldi vnr
Íslensk verðskrá	01.12.1998	3.707
Dönsk verðskrá	vika 48-49 1998	7.765
Ísl. sölutölur (IDM)	1997	
Verðskrárgengi 1.des.1998	11,029	

Fjöldi vnr. í ísl. verðskrá með skráða sölu 1997 2.695

Fjöldi vnr. í ísl. og danskri verðskrá með skráða sölu 1997 með almennri álagningu 1.314

Fjöldi vnr. sem samanburðurinn nær til 1.314

Heildarverðmæti 1314 vnr.

	Ísland	Danmörk	Mismunur
Á heildsöluverði	2.009.128.658	1.813.554.054	195.574.604
Á smásöluverði	3.697.852.467	2.938.713.118	759.139.349
Virðisaukaskattur	24,5%	25,0%	
Á smásöluverði án vsk	2.970.162.624	2.350.970.494	619.192.130

Meðalsmásluálagning 47,8% 29,6%

Íslenskt heildsöluverð hærra sem nemur 10,8%

Íslensk smásöluverð hærra sem nemur 14,0%
m.v. að heildsöluverð sé það sama í Danmörku og á Íslandi.

Íslenskt lyfjaverð hærra sem nemur 25,8%

Íslenskt lyfjaverð án vsk hærra sem nemur 26,3%

Sænska "Evrópu lyfjaverðsvísitalan" 1998

Aboteksbolaget í Svíþjóð gerir samanburð á lyfjaverði í 12 löndum Evrópa, þar sem borið er saman heildarverðmæti söluhárra lyfja í Svíþjóð á heildsöluverði (AIP).

Meðfylgjandi samanburður var gerður í janúar 1998 og er hann byggður á 150 sérlyfjum (447 vnr) að verðmæti 8.676 millj. sænskra króna sem er um 61% af sænskum lyfjamarkaði.

Land	Stærð kórflu (fjöldi vnr.)	Sem % af sænskum markaði (1997)	Kostar í Svíþjóð (í millj skr)	Kostar í viðmiðunar- landi (í millj skr)	Vísitala (Svíþjóð = 100)
Frakkland	122	17	2664	2427	91,1
Finnland	344	35	5340	5027	94,1
Austurríki	232	26	3832	3683	96,1
Ítalía	189	24	3497	3377	96,6
Noregur	324	38	5199	5345	102,8
Danmörk	338	40	5338	5604	105,0
Belgía	184	25	3270	3480	106,4
Holland	260	37	4810	5187	107,8
Þýskaland	232	34	4292	4769	111,1
Bretland	259	38	4397	5405	122,9
Sviss	235	37	4119	5177	125,7

Heimild: Apoteket AB.

Viðauki 4 - Niðurstöðutölur

Greining verðumsókna 1998

Fjöldi lyfja

Fj. lyfja	Samþykkt	Hafnað	Afgreiðsla á umsóknum sem hefur verið hafnað			Samþykkt verð með fyrirvara um endurskoðun
			Lækkað verð	Óbreytt verð	Óafgreitt	
109	90	19	17		2	4
	82,6%	17,4%				

Fjöldi pakkninga

Fj. vnr.	Samþykkt	Hafnað	Afgreiðsla á umsóknum sem hefur verið hafnað			Samþykkt verð með fyrirvara um endurskoðun
			Lækkað verð	Óbreytt verð	Óafgreitt	
276	236	40	36		4	11
	85,5%	14,5%				

Beiðni um verðhækkun 1998

	Fj. vnr.	Samþykkt	Hafnað	Annað
	154	75	73	6
		48,7%	47,4%	3,9%
Fjöldi lyfja	83	46	35	2
		55,4%	42,2%	2,4%

Vnr. á viðmiðunarverðskrá 11

Afgreiðsla og greiðsluþáttaka

L & E	2	1%
R & 0	74	48%
R & *	7	5%
R & B	10	6%
R & E	52	34%
U & 0	3	2%
U & E	6	4%
	154	100%

Álagning

almenn lyf	107	69%
sjúkrahús lyf	8	5%
almenn dýralyf	38	25%
eldis dýrlyf	1	1%
	154	100%

L = lausasóluþyf
 R = lyfseðilskeyid lyf
 U = lyf undanþegin lyfseðilskeyid
 0,*,B,E = greiðslumerking Tryggingastofnunar

Beiðni um verðlækkun 1998

	Fj. vnr.
	237
Fjöldi lyfja	78
Vnr. á viðmiðunarverðskrá	209 88%

Lækkun

>10%	36
5-10%	85
<5%	116
	237

Fjöldi vnr. sem sótt var um verð fyrir 1998, skipt eftir álagningaflokkum

		Verðflokkar							
		0	1.000	3.000	6.000	12.000			
Heildsöluverð		1.000	3.000	6.000	12.000	0			
ATC fl.							Fj. vnr	Fj. lyfja	
A	Meltingaferla- og efnaskiptalyf	4	7	7	4	1	23	5	5%
B	Blóðlyf		1		7	3	11	5	5%
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	3	10	7	2	3	25	9	8%
D	Húðlyf	1	3				4	2	2%
G	Þvagfæralyf og kynhormónar	4	8	5	3	3	23	11	10%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar		1			3	4	2	2%
J	Sýkingalyf	14	17	6	4	4	45	17	16%
L	Æxlishefjandi lyf (krabbameinslyf)	0	3	4	3	17	27	14	13%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	8	2	1	1	1	13	7	6%
N	Tauga- og geðlyf	13	19	17	13	12	74	17	16%
P	Sniklalyf								0%
R	Óndunarfæralyf	7	3	3	2		15	10	9%
S	Augn- og eyrnalyf	1	1				2	2	2%
V	Ýmis lyf			2	1	1	4	3	3%
Q	Dýralyf	1	3	1	1		6	5	5%
		56	78	53	41	48	276	109	100%
		20%	28%	19%	15%	17%			

Ný sérlyf

Fjöldi vnr. nýrra lyfja sem sótt var um verð fyrir 1998, skipt eftir álagningaflokkum

		Verðflokkar							
		0	1.000	3.000	6.000	12.000			
Heildsöluverð		1.000	3.000	6.000	12.000	0			
ATC fl.							Fj. vnr	Fj. lyfja	
A	Meltingaferla- og efnaskiptalyf	3	5	3	1		12	2	3%
B	Blóðlyf								
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	3	10	6	2	2	23	9	15%
D	Húðlyf								
G	Þvagfæralyf og kynhormónar	2	5	4	3	3	17	8	13%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar					3	3	1	2%
J	Sýkingalyf	1	4	3	1	1	10	6	10%
L	Æxlishefjandi lyf (krabbameinslyf)		2	3	2	9	16	10	17%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	6	1				7	3	5%
N	Tauga- og geðlyf	6	12	14	11	9	52	9	15%
P	Sniklalyf								
R	Óndunarfæralyf	3	3	3	2		11	6	10%
S	Augn- og eyrnalyf	1	1				2	2	3%
V	Ýmis lyf			2	1	1	4	3	5%
Q	Dýralyf	0	1		1		2	1	2%
		25	44	38	24	28	159	60	100,0%
		16%	28%	24%	15%	18%			

Fjöldi vnr. skráð í einstaka gjaldmiðli

	vnr.	
IKR	116	42,0%
DKK	106	38,4%
SEK	23	8,3%
GBP	14	5,1%
USD	7	2,5%
XEU	5	1,8%
CHF	2	0,7%
NLG	2	0,7%
NOK	1	0,4%
	<u>276</u>	<u>100%</u>

Fjöldi vnr. eftir tegund

	Fj. lyfja	vnr.	
Ný pakning	17	33	12,0%
Ný pakningast.	12	19	6,9%
Nýr styrkleiki	9	15	5,4%
Nýtt lyfjaform	8	28	10,1%
Nýtt sérlyf	60	159	57,6%
Nýtt samheitalyf	5	22	8,0%
Samhliða innfl. lyf	0	0	0,0%
	<u>111</u>	<u>276</u>	<u>100%</u>

Viðauki 5

Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 1998

Verðskrágengi

	jan.98	feb.98	mar.98	apr.98	maí.98	jún.98	júl.98	ágú.98	sep.98	okt.98	nóv.98	des.98
DKK	10,684	10,684	10,684	10,4900	10,4510	10,4290	10,5810	10,4860	10,4760	10,5590	10,8290	11,0290
SEK	9,3823	9,3823	9,3823	8,9800	9,1320	9,2240	9,3020	9,0550	8,9840	8,8350	8,8860	8,7640
GBP	120,7733	120,7733	120,7733	118,8900	120,8200	120,7000	117,1400	118,0500	117,9100	117,4200	117,9600	116,3400
USD	72,5933	72,5933	72,5933	72,5100	72,7400	72,1800	71,5400	71,5400	71,7500	71,9000	70,2200	68,6500
XEU	80,9233	80,9233	80,9233	78,9600	79,0300	78,8400	79,4500	78,9200	78,8800	79,3300	81,1400	82,6400
CHF	50,7633	50,7633	50,7633	49,5300	48,8700	47,8800	48,3900	47,8900	47,4000	48,1000	50,0600	51,3900

Verðskrágengi: Meðalsölugengi Seðlabanka Íslands næst síðast mánuð fyrir gáldistöku.

